



PÉSI

ATH!!Næsti Pési kemur út í **mars**.Efni þarf að berast í síðasta lagi **3. mars 2021**



Frá Bókasafni Hrunamanna



Bókasafnið er opið:

Mánudaga Kl. 19-20
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18
Fimmtudaga Kl. 11-13



Minum á að Bókasafn Hrunamanna er aðildarsafn að Rafbókasafninu. Rafbókasafnið er bókasafn á vefnum þar sem finna má fjölda raf- og hljóðbóka af öllu tagi, fyrir alla aldurshópa, á slóðinni www.rafbokasafnid.is. Hægt er að nálgast efnið í tölvum, spjaldtölvum og snjallsímum.



Munið skilalúguna! Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku. Verið hjartanlega velkomin ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Bókasafnið er líka á  facebook.



leitir.is



Gegnir

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími:

Mánudaga - miðvikudaga: 16:00-20:30

Fimmtudaga: LOKAÐ

föstudaga: 16:00-20:30

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00



Febr 2021
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

31 árgangur.
357 tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Febrúarmánuður er runninn upp og Þorinn búinn að banka á dyrnar og fá inngöngu. Hins vegar verður að segjast að það er Þorra mismunur á milli ára. Trúlega hafa síðustu vikur ekki verið eins snjóléttar í manna minnum eða allavega í mínu minni. Eru ákveðin þægindi í því en á móti kemur að hæfilegum snjó fylgir líka birta og ákveðið fjör.

Hins vegar hefur þessi frostakafli og þyrkingur haft áhrif á veitustarfs-semina þannig að það hefur verið nóg að gera hjá hitaveitunni. Sem betur fer tókst að koma nýrri borholu á Flúðum á koppinn því án hennar hefði hitaveitan trúlega lent í erfiðleikum. Það kemur síðan ánægjulega á óvart að hola 9 hefur reynst enn betur en menn bjuggust við og hún virðist skila léttilega 25 s/l inn í kerfið og það sem er enn betra að þrýstingur á heildarkerfinu gefur heldur ekki mikið eftir.

Nú í vikunni var opnað fyrir tilboð í hringtorgið á Flúðum og tengdar framkvæmdir og síðan tekur við ferli að ráða verktaka í verkið. Samhliða þessu þarf að huga að flutningi á styttunni „Öldu Aldanna“ eftir Einar Jónsson myndhöggvara frá Galtafelli. Í Pésanum og víðar verður beðið um hugmyndir hvert eigi að flytja styttuna og hvaða staður henti best fyrir þetta einkennistákn á Flúðum sem við viljum láta njóta sín enn betur með lýsingu o.fl. frágangi. Það verður að segjast að það var framsýni á sínum tíma að koma þessu menningarverkefni á koppinn og verður að þakka þeim sem þar lögðu hönd á plóg.

Framkvæmdir eru hafnar við gatnagerð í nýju hverfi í Gröf og var fyrsta skóflustungan tekin í síðustu viku. Við þurfum að vinna verkið í samráði við Minjastofnun þar sem gert er ráð fyrir að fornleifar eða ummerki um búsetu fyrri tíma séu á svæðinu eða hluta þess. Þetta gerir verkið aðeins tafsamara og seinkar aðeins auglýsingu um úthlutun lóða þar sem við viljum vita aðeins betur hvað við erum að fara út í.

Þá styttist líka í að Vegagerðin bjóði út að klára að leggja bundið slitlag á Langholtsveginn en hönnun vegarins liggur fyrir og klárt í að setja verkið af stað. Þetta eru afar ánægjulegt tíðindi því þessi stutti kafli hefur virkað hálf kjánalega miðað við mikla umferð um veginn. Í leiðinni þyrfti að huga að reiðleið með veginum því það væri mjög til bóta að Vegagerðin, reiðveganefnd Smára og hagsmunaaðilar á svæðinu geri gott mót varðandi það verkefni. Sveitarfélagið hefur samþykkt erindi Umhverfisstofnunar um að fundinn verði staður fyrir landvarðarhús upp í Kerlingarfjöllum. Þá eru fyrirhugaðar í sumar töluverðar framkvæmdir af hálfu Umhverfisstofnunar á svæðinu til að bæta aðgengi ferðamanna

. Það verður seint þakkað þeirri fyrirhyggju rekstraraðila á svæðinu, Kerlingarvina o.fl. að gera ráðstafanir og stýra og stjórna umferð á svæðinu eins og hægt er í gegnum árin. Hefur það komið í veg fyrir óafturkræf umhverfisspjöll en núna í kjölfar friðlýsingarinnar er hægt að gefa í á þessum vettvangi. Þá eru rekstraraðilar með plön um uppbyggingu í fjöllum sem eru mjög spennandi og mikilvægt er að hálandis- miðstöðin í Kerlingarfjöllum standi undir nafni og ríkið, rekstraraðilar, sveitarfélagið og aðrir hagsmunaaðilar nái góðum takti á þessu frábæra svæði.

Varðandi úrgangsmálin þá eru sveitarfélögin í Uppsveitum búin að ákveða að fara í samræmdar aðgerðir í úrgangsmálum þannig að flokkunarkerfi verði samræmd o.fl. því tengt. Hins vegar er það mat sveitarfélaganna að þau bjóði sorphirðu og afsetningu út hvert fyrir sig þó tímasetningar og annað verði samræmt eins og hægt er. Sem betur fer er þessi málaflokkur á fleygiferð og ríkið er að vinna að heildarstefnu í málaflokknum og gera breytingar á lagaumhverfinu þannig að við náum árangri í málaflokknum. Þetta þýðir að við erum að fara í fjögurra tunnu flokkun þannig að plast og pappi verði flokkaðir í sitt hvort ílátíð.

Sveitarfélagið er búíð að gera samstarfssamning við Bessa í Sonus viðburðum um viðburðarstjórn o.fl í tengslum við „Flúðir um Versló“. Það var búíð að finna góðan takt varðandi þennan viðburð og verður ánægjulegt að þróa þetta ágæta verkefni áfram með Bessa. Hann stundar reyndar með sinni fjölskyldu nýsköpun í atvinnulífinu með því að stofna þrífafyrirtæki sem sinnir rekstraraðilum á svæðinu og alltaf gott þegar nýjir sprotar verða til.

Það líður að því að allir á Flúðum geti tengst ljósleiðaranum. Allir sem eru staðsettir norðan við Litlu-Laxá á Flúðum eru klárir til tengingar og geta hafst samband við þjónustufyrirtækin og styttist í okkur hin á suðurbakkanum. Það verður frábært þegar allir í sveitarfélaginu verða búnir að sjá ljósið !!

Sveitarfélagið er búíð að samþykkja að halda áfram með samstarfsverkefnið í Uppsveitum að vera með sameiginlegan verkefnisstjóra í heilsuefandi samfélagi. Að mínu mati hefur vel tekist til með þetta verkefni og það tengt saman ólíka vinkla og hópa á heilsuefningu. Þessu tengt hefur Hrunamannahreppur ákveðið að taka þátt í verkefni UNICEF á Íslandi með barnvænt sveitarfélag. Búíð er að skipa stýrihóp í verkefnið og verður spennandi að skoða hvar við tékkum í boxið í þessu verkefni og hvar við getum bætt okkur.

Ég vil síðan óska öllum góðs þorra og góugleði.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri



Fyrsta skóflustungan tekin að nýju hverfi í Grafarlandi

Íbúðir til leigu í Heimalandi.

Lausar eru til umsóknar 2 íbúðir fyrir eldri borgara,
í Heimalandi á Flúðum.

Skóðað verður með tímabundna almenna útleigu ef ekki
berast umsóknir fyrir 24. febrúar nk.

Íbúðirnar eru lausar til útleigu frá 1.mars 2021.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu

Hrunamannahrepps í síma 480 6600

eða á netfang: hruni@fludir.is





Sveitarfélagið vill gjarnan fá hugmyndir frá íbúum um nýja staðsetningu á Öldu aldanna, en með tilkomu hringtorgs verður hún að víkja af núverandi stað. Hugmyndir má senda inn á netfang: hruni@fludir.is fyrir 1. mars.

Til sölu

Smiðjustígur 7a og 7b, Flúðum.

Um er að ræða 900 fm parhúsalóð sem er leigulóð frá Hrunamannahreppi. Skv. gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið er lóðin skilgreind sem einnar hæðar parhúsalóð. Kvöð er á lóðinni að það hús sem á lóðinni stendur sem er alls 122,7 fm skuli fjarlæggt á kostnað kaupanda. Tengigjöld kalda vatns, hitaveitu og fráveitu eru innifalin í kaupverði lóðarinnar. Nánari upplýsingar veitir Steindór Guðmundsson löggiltur fasteignasali hjá Lögmonnum Suðurlandi í s. 480 2901 eða 862 1996.



Húsnæði óskast til leigu.

Ungt reglusamt, reyklaust par með ungt barn óskar eftir húsnæði til leigu til lengri eða skemmri tíma.

Skilvísum greiðslum og góðri umgengni heitið. Vinsamlegast hafið samband í síma 896 4252.



Aðalfundur Landgræðslufélags Hrunamanna 25. febrúar

Aðalfundur Landgræðslufélags Hrunamanna verður haldinn 25. febrúar kl 20:30 í kaffisal Félagsheimilisins með fyrirvara um samkomutakmarkanir.

Á dagsskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Valný Guðmundsdóttir gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og verður því kosið um eitt sæti í stjórn.

Hlökkum til að sjá sem flesta!

-Stjórnin

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími.

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00

og 13:00-16:00,

Föstudaga: 09:00-12:00

Sími: 480-6600



Hrunamannahreppur

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN
fontana
Hólsúnd frá landsmári

Flokkunarhornið.

**Stór bein mega alls ekki fara í lífrænt sorp.
Pokar fyrir lífrænt sorp verða að
vera umhverfisvænir.**



LANDSTÓLPI 20
3ra
-2000-2020-

**Bú færð rekstrarvörur til heimilis og olíuvörur hjá okkur!
.....og allt fyrir dýrin....stór og smá!**

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600 - Opið virka daga 8-17

Kaupvangj 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610 - Opið virka daga 9-17

Flutningaþjónusta Unnars

Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is

Opnunartími á Gámasvæðinu á Flúðum!!

Opnunartíminn verður frá kl. 13:00-18:00, mánudaga, miðvikudaga, föstudaga og laugardaga. Fyrir utan þessa tíma verður gámasvæðið aðgengilegt á fæti og auk þess verður í neyðartilvikum hægt að hafa samband við starfsmenn sveitarfélagsins um aðgengi að svæðinu.

Sími hjá umsjónarmanni gámasvæðis: 835 1355

Lyfja útibú Laugarási

OPNUNARTÍMI

mánud. – fimmtudaga: 10 - 16

föstudaga: 10 - 13

Laugarás

Heilsugæslustöð



Laugarás, 801 Selfoss



432 2770

SÍMI VAKTÞJÓNUSTU LÆKNA
OG HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Á HSU ER **1700**

Í NEYÐARTILVIKUM HRINGIÐ

Í **112**

Dömu- og herraklipping, litun -og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

Vinsamlegast pantið tíma í síma

845-9816 Halyna.



KRANAÞJÓNUSTA

B. R. SVERRISSON EHF.

Sími 864 2499 (Bjarni)
brbjarni@gmail.com



72 tonnmeter krani • 2,3 tonn í 21 meter
2 t spil • Bíll með drifi á framöxli

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt



HRUNAPRESTAKALL

Kæru sóknarbörn. Enn hvílir óvissa yfir því hvenær hefðbundið kirkjustarf verður mögulegt í kirkjunum okkar. Við stefnum að því að streyma tveimur helgistundum frá okkur á fésbókarsíðu prestakallsins núna seinnipartinn í febrúar. Þá eru áform um að vera með messur í mars sem verða sérsniðnar að fermingarbörnum og foreldrum þeirra og eru þeim ætlaðar. Ég vona svo sannarlega að við getum staðið við áætlanir okkar um fermingarathafnir á pálmásunnudag (28. mars) og skírdag (1. apríl). Fermingarbörnin á komandi vori eru fimmtán talsins og verða flest, ef samkomutakmarkanir leyfa, fermd um páskana en ein athöfn verður svo á hvítasunnu. Of snemmt er hins vegar að spá fyrir um það hvort hægt verður að vera með opið helgi-hald um páskana.

Sóknirnar fjórar í Hrunaprestakalli festu fyrir áramót kaup á upptöku- og streymisbúnaði til að nota við athafnir í kirkjunum. Þessi búnaður hefur þegar sannað gildi sitt en nýlega var streymt frá þremur jarðar-förum í Hrunakirkju. En til þess að geta streymt – í beinni útsendingu – þarf að vera gott netsamband, að öðrum kosti verður að taka athöfnina upp og setja upptökuna síðan á netið eftir á. Ég tel víst að „streymismessur“ og „streymisathafnir“ séu komnar til að vera og verði meðal þess sem við tökum með okkur sem lærdóm úr far-aldrinum.

Í byrjun mars vonast ég til að við getum séð hvernig fermingum og páskahelgihaldi verður háttað í kirkjunum okkar.

Með blessunaróskum.

Óskar Hafsteinn Óskarsson

Sérstakir íþróttá- og tómstundastyrkir vegna íþróttá-iðkunar veturinn 2020-2021

Komnar eru reglur um úthlutun og umsóknareyðublað um sérstakan íþróttá- og frístundastyrk fyrir börn sem búa á tekjulægri heimilum þar sem markmiðið er að jafna tækifæri þeirra til þátttöku í skipulögðu íþróttá- og frístundastarfi. Styrkirnir koma til viðbótar hefðbundnum íþróttá- og frístundastyrkjum sveitarfélaga.

Hægt er að sækja um styrk fyrir börn sem fædd eru á árunum 2005-2014 og búa á heimili þar sem heildartekjur heimilisins voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars – júlí 2020. Styrkurinn er 45.000 kr. á hvert barn. Sveitarfélögin annast afgreiðslu styrkumsókna eftir að búið er að kanna rétt til styrksins inni á Island.is.

Styrkina er hægt er að nota til niðurgreiðslu á þátttökugjöldum vegna íþróttá-iðkunar, tónlistanáms eða annarra frístunda. Sveitarfélög setja reglur um úthlutun styrkjanna en fyrirkomulag getur verið breytilegt á milli sveitarfélaga til dæmis varðandi hvaða íþróttá- og frístundastarf er styrkhæft, hvaða gögnum beri að skila með umsókn og afgreiðslutími umsókna. **Nánar um reglur Hrunamannahrepps er að finna undir [sérstakur íþróttá- og frístundastyrkur](#) á heimasíðu Hrunamannahrepps.**

Þar er einnig umsóknareyðublað, en umsóknum skal skila fyrir 1.mars nk.

Sláturfélag Suðurlands auglýsir árlegan deildafund félagsins, fyrir Gnúp-verja, Skeiða ,og Hrunadeildir miðvikudaginn 24. febrúar n. k. kl.20.30. Fundurinn átti að vera í Brautarholti, en þar sem húsið er lokað vegna viðgerða, verður hann í Árnesi. Vonum að „veiran, setji ekki strik í reikninginn, og að við verðum dugleg að mæta.
Kv. Jóhanna Hrafnkelsstöðum





Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 á Selfossi.

Starfsmaður Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar á slökkvistöðinni á Selfossi í síma 4-800-900 eða á slokkvitaeki@babubabu.is



RAFMAGNSVERKSTÆÐI
JENS OG RÓBERTS

TÖKUM AÐ OKKUR:
ALLA ALMENNA
RAFVIRKJAPJÓNUSTU



SJÁUM UM TEIKNINGU
OG HÖNNUN
RAFLAGNA

JENS PÉTUR JÓHANSSON
893-7101
RAFJENS@EYJAR.IS

SMÆRRI JAFNT SEM
STÆRRI VERKEFNI.

RÓBERT EINAR JENSSON
899-9554
ROBBIRAF@SIMNET.IS



Öll almenn smíðavinna,
nýsmíði, viðhald og viðgerðir
Slavík Flúðum sími: 888-1975/865-7499

Bílaverkstæði



Opið frá kl: 08:00-17:00

Grænna land ehf.

Hellulagnir

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Þökulagnir

Trjáplöntusala



Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Sími: 858-3399
graennaland@simnet.is

80

STAÐIR

UM LAND ALLT



EIMSKIP

Flytjandi



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.

Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.

Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háheiði 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is



KAFFI-SEL RESTAURANT AND PIZZERIA

Opnunartímar:

Fimmtudaga og föstudaga frá kl. 17.00 til 21.00.

Laugardaga frá kl. 12.00 til 21.00

Open Thursdays and Fridays from 17.00 - 21.00.

Saturdays from 12.00 – 21.00

Borðapantanir eru í síma 486-6454 eða 846-9321

For reservations call 486-6454 or 846-9321

Þar sem sætapláss hjá okkur verður takmarkað a.m.k. næstu vikur, þá minnum við á „take away“. Getum afhent matinn út í bíl, sé þess óskað.

As our seating capacity will be limited at least over the next few weeks, we offer take away. We can also deliver the food to your car, if requested.

Verið velkomin! *Everyone welcome!*

<http://kaffisel.is> Facebook: Kaffi-Sel
Tel. 486-6454/846-9321 – info@kaffisel.is

VETRAROPNUN LITLU MELABÚÐARINNAR

MÁNUDAGUR : 11-13 & 15-17
ÞRIÐJUDAGUR : LOKAÐ
MIÐVIKUDAGUR : LOKAÐ
FIMMTUDAGUR : 11-13 & 15-17
FÖSTUDAGUR : 11-13 & 15-17
LAUGARDAGUR : 12-17
SUNNUDAGUR : 12-17

facebook.com/litlamelabudin
instagram.com/litlamelabudin
S:694-6768

"Hjónaball 2021

Hjónaballi Hrunamanna hefur verið frestað um óákveðinn tíma.

Engar áhyggjur við munum láta ykkur vita þegar ný dagsetning kemur.

Nefndin"



NUDD - BOWEN - MASSAGE

Nú er í boði endurnærandi heilnudd og Bowen meðferð í Íþróttamiðstöðinni Reykholti á mánudögum og þriðjudögum. Tímabókanir eru í síma eða í gegnum facebook síðu.

Einnig eru fáanleg gjafabréf í nuddmeðferðir sem eru tilvalin gjöf við öll tækifæri.



Now it´s available to get massage and Bowen treatment in Íþróttamiðstöðin Reykholt (the swimming pool) on Mondays and Tuesdays. To make an appointment please call or book through my facebook page.

- Nils Guðjónsson - Bowen tæknir -
Sími/Tel: 897-6944 - nilsgudjon@gmail.com -
facebook.com/NG ehf





Æskulýðsstarfið framundan

Gleðilegt nýtt hestaár! Venjulega hefðum við haldið kynningarfund í janúar en að þessu sinni látum við duga þessa lauslegu kynningu á því sem við ætlum að gera saman. Það er vegna þess að við komum hver úr sinni áttinni og þótti okkur ekki við hæfi að hittast mjög mörg saman eins og staðan er á faraldrinum.

Í febrúar og mars ætlum við að halda þrjú helgarnámskeið fyrir krakka. Klara Sveinbjörnsdóttir ætlar að kenna. Krökkunum verður skipt í hópa og við reiknum með að færri en fleiri verði saman í hóp en það fer eftir stöðunni hverju sinni.

Námskeiðin fara fram í reiðhöllinni á Flúðum. Það þarf að hafa með sér hest, hjálm og reiðtygi.

Það er í boði að geyma hesta yfir nótt ef þörf er á, í hesthúsinu í reiðhöllinni meðan pláss leyfir en það þarf þá að hirða um að hreinsa stíur og passa að setja ekki ókunnuga hesta saman.

Námskeiðshelgarnar eru:

20.-21.febrúar, almenn reiðmennska

27.-28.febrúar, trec

27.-28. mars, hindrunarstökk

Skráning á námskeiðin er opin á netfanginu

smarakrakkar@gmail.com. Þar þarf að koma fram

nafn barns, fæðingarár, nafn forsjáaraðila og símanúmer.

Þetta eru stök námskeið svo það þarf að taka fram við skráningu hvaða helgar verið er að sækja um.

Verði verður stillt í hóf eins og áður en fer eftir þátttöku.

19. mars ætlar Kathrina sem er bæði lærður kennari og söðlasmiður að kenna krökkunum réttu handtökin við að búa til sín eigin reiðtygi. Námskeiðið fer fram í Bláskógarskóla í Reykholti og verður nánar auglýst síðar.

Þemareiðtúr er á dagskrá fljótlega eftir það á Flúðum og verður kynntur betur þegar nær dregur. Munið að fara eftir sóttvarnareglum sem eru í gildi hverju sinni og á hverjum stað.

Við hvetjum krakkana til að taka þátt í námskeiðum og keppnum sem verða í boði hér og í nágrenninu. Foreldrar eru hvattir til að tala saman, nýta ferðir, hús, hross og annað eins og hægt er því saman stöndum við sterkari.

Ef allt gengur eftir áætlun stefnum við svo á byrjendanámskeið og fleira í vor og sumar.

Ef það vakna spurningar er sjálfsagt að spyrja á krakkasíðunum okkar “Logakrakkar” og “smáarakrakkar” á facebook eða senda tölvupóst á smarakrakkar@gmail.com

Æskulýðsnefnd Loga og Smára: Elin, Kathrina, Alvin, Unnur, Arna, Kristín og Guðrún Erna

Baggamunur

Bókhalds- og skattaþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum

www.baggamunur.is

s@baggamunur.is

866-9035



Sorphirða 2021

Hrunamannahreppur

Hrunamannahreppur

janúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

febrúar						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28						

mars						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

apríl						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	

maí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

júní						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

júlí						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31






ágúst						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

september						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

október						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

nóvember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

desember						
sun	mán	þri	mið	fim	fös	lau
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

-  Sorp - Efri Hrunamannahreppur
-  Sorp - Neðri Hrunamannahreppur
-  Blátt - Allur Hrunamannahreppur
-  Brúnt - Allur Hrunamannahreppur
-  Rúlluplast - Allur Hrunamannahreppur

s. 577 5757

igf@igf.is



www.gamafelagid.is